

Skólaþróunarsvið

Bergdís Wilson

Sviðstjóri skólaþróunarsvið

BSc (Hons), PGDE, MSc, MBPsS

(Skráð Educational Psychologist
hjá Breska sálfræðafélaginu
(the British Psychological Society)).



Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu

Heillaspor

Tengsla- og áfallamiðuð nálgun til að styðja við þroska, nám og farsæld barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi

Aðgengi að námi fyrir öll börn

Barnasáttmálin og heimsmarkmið 4, aðalnámskrá leik- og grunnskóla

- Markmið fyrir 2030 frá OECD: Að skilja engan eftir (Stjórnarráð Íslands, 2019).
- Menntastefna til ársins 2030: Menntakerfi framtíðar kallar á aukna nýsköpun og mikla samvinnu. Þörf er á aðkomu fólks með fjölbreytta sérþekkingu við mótun þess.
- Barnasáttmálin: Tól og tæki til að mæta þörfum barns svo þau fá aðgang að réttindum sínum.
- Farsældarlög: Þjónustuveitendum ber skylda til að bregðast við þörfum barna.
- Aðalnámskrá leikskóla: Rækta hæfileika barna til **tjáningar og sköpunar** í þeim tilgangi m.a. að **styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.**
- **Aðalnámskrá grunnskóla:** Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: **jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.**

Hugmyndafræðin á bak við Heillaspor

Bronfenbrenner

Tengslafræði

Taugafræði

Áfallamiðuð nálgun

Jákvæð sálfræði

Vaxandi hugarfar

Vygotsky

Piaget

Innleiðingarfræði



Leiðandi vörður Heillaspora



1. Að upplifa tilfinningalegt öryggi
2. Bregðast við og virða fjölbreytileika og inngildingu
3. Koma til móts við félagslegar, tilfinningalegar og vitsmunalegar þarfir
4. Íhuga hvernig við eigum samskipti
5. Byggja upp jákvætt sjálfslit og sjálfsmynd
6. Ígrunda hegðun og þroskastig barna og spegla við okkar eigin starfsaðferðir

Hvaða áhrif hefur Heillaspor á börnin okkar?

Rannsóknir hafa sýnt að heillaspor hefur jákvæð áhrif á:

- tilfinningastjórn og aukna samkennd barna (Cooper & Whitebread, 2007).
- hegðun barna og ungmenna (Sloan et al. 2016).
- tengsl milli foreldra og barna (Pyle 2015).
- skólaumhverfið (Binnie and Allen 2008; Cooper 2001).
- líðan og öryggistilfinningu barna, sérstaklega börn í viðkvæmri stöðu (Ofsted 2009; March and Kearney 2017).
- námsárangur (Sanders 2007; Reynolds, MacKay, and Kearney 2009; Seth-Smith et al. 2010).

Hvað segir starfsfólk?

Ég er meðvitaðri um tilfinningalegt öryggi og mörk. Það gagnast mikið að allir starfsmenn skólans voru á námskeiðinu

Tala betur um tilfinningar við börnin

Hvað okkar framkoma getur haft mikil áhrif á hegðun barna

Læra rýna betur í þarfir barna, átta mig betur á tilfinningum þeirra og hvernig það hefur áhrif á svo margt. Skilja betur mig sjálfa og viðbrögð mín.

Gefa mér enn meiri tíma til að nálgast barnið og bæta fleiri leikjum við

